

Starfsáætlun umhverfisnefndar Mosfellsbæjar vor 2019

INNGANGUR

Starfsáætlun umhverfisnefndar Mosfellsbæjar kemur nú út í níunda skipti, en hún var fyrst lögð fram árið 2013. Starfsáætlanir nefndar eru lagðar fram í kjölfar ákvörðunar 594. fundar bæjarstjórnar Mosfellsbæjar þann 21. nóvember 2012 um að nefndir bæjarins leggi í upphafi árs fram áætlun um fundartíma og niðurröðun fastra verkefna ársins. Í áætluninni er ennfremur gert grein fyrir helstu verkefnum ársins.

HLUTVERK

Umhverfisnefnd Mosfellsbæjar fer með umhverfismál eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt bæjarstjórnar um nefndina frá árinu 2011.

<http://www.mosfellsbaer.is/stjornkerfi/stjornkerfi/reglur-og-samthykkir/nanar/2011/03/02/umhverfisnefnd/>

Umhverfisnefnd fer með verkefni náttúruverndarnefndar samkvæmt náttúruverndarlögum og verkefni gróðurverndarnefndar samkvæmt lögum um landgræðslu. Umhverfisnefnd fer jafnframt með málefni sjálfbærrar þróunar og Staðardagskrár 21 í Mosfellsbæ.

Umhverfisnefnd er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara, kosnum af bæjarstjórn.

Aðalmenn í umhverfisnefnd kjörtímabilið 2018-2022 eru:

Bjartur Steingrímsson	aðalmaður	af V lista	formaður
Kristín Ýr Pálmarsdóttir	aðalmaður	af D lista	varaformaður
Ölvir Karlsson	aðalmaður	af C lista	
Unnar Karl Jónsson	aðalmaður	af D lista	
Michele Rebora	aðalmaður	af L lista	
Anna Sigríður Guðnadóttir	áheyrnarfulltrúi	af S lista	
Þorlákur Ásgeir Pétursson	áheyrnarfulltrúi	af M lista	

Varamenn í umhverfisnefnd kjörtímabilið 2018-2022 eru:

Bjarki Bjarnason	varamaður	af V lista
Örn Jónasson	varamaður	af D lista
Sigurður Gunnarsson	varamaður	af C lista
Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir	varamaður	af D lista
Sigurður Eggert Halldóruson	varamaður	af L lista

Tómas G Gíslason umhverfisstjóri, **Heiða Ágústadóttir** fagstjóri garðyrkju og skógræktar og **Jóhanna Björg Hansen** bæjarverkfræðingur og framkvæmdastjóri umhverfissviðs eru starfsmenn nefndarinnar. **Bjarni Ásgeirsson** deildarstjóri þjónustudeildar og **Ingibjörg Ásta Guðmundsdóttir** verkefnastjóri garðyrkju eru einnig starfsmenn nefndarinnar og sitja fundi nefndarinnar eftir þörfum.

HELSTU VERKEFNI

Mál fyrir umhverfisnefnd erum af ýmsum toga og tengd margvíslegum málefnum. Um getur verið að ræða innsend erindi frá einstaklingum og stofnunum eða mál frá nefndinni sjálfri eða öðrum nefndum. Af málum á dagskrá umhverfisnefndar má nefna málefni tengd úrgangi og endurvinnslu, mengun í lofti og láði, friðlýsingum og náttúruvernd, opnum svæðum, búfjár- og dýrahaldi, umhverfisviðurkenningum, uppgræðslu og skógrækt, vistvænum samgöngum, stefnumótun í umhverfismálum og sjálfærri þróun, svo eitthvað sé nefnd. Umhverfisnefnd fer einnig með verkefni náttúruverndarnefndar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999.

ÁÆTLUN UM FUNDARTÍMA OG NIÐURRÖÐUN FASTRA VERKEFNA

Fundir umhverfisnefndar eru haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði, á fimmtudögum, kl. 17:00-19:00.

Alls eru fyrirhugaðir 11 fundir umhverfisnefndar á árinu, sem er sami fjöldi og á síðasta ári.

Stefnt er að því að einn fundur umhverfisnefndar á árinu verði opinn fundur.

Gert er ráð fyrir því að niðurröðun funda ársins haustið 2019, fram á vor 2020, verði sem hér segir, með fyrirvara um breytingar:

- ✓ 19. september
- ✓ 24. október
- ✓ 21. nóvember
- ✓ 19. desember
- ✓ 16. janúar
- ✓ 20. febrúar
- ✓ 26. mars
- ✓ 30. apríl
- ✓ 28. maí
- ✓ 25. júní

Nokkur verkefni umhverfisnefndar eru í föstum skorðum og að jafnaði á sama tíma ár hvert, svo sem:

- i. Ársskýrsla Skógræktarfélags Mosfellsbæjar
- ii. Umhverfisviðurkenningar Mosfellsbæjar
- iii. Skýrsla náttúruverndarnefndar Mosfellsbæjar til Umhverfisstofnunar
- iv. Ástandsskýrsla fyrir friðlýst svæði til Umhverfisstofnunar
- v. Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar
- vi. Starfsáætlun umhverfisnefndar
- vii. Opinn fundur umhverfisnefndar

Tillögur að tímasetningum funda miða við að fundað sé að jafnaði einu sinni í mánuði en tekið tillit til almennra frídaga, sumarfría og jólafría, skörun við stór verkefni og aðgengi að fundarsölum.

Fundartímar geta breyst, en þá er ávalt reynt að tilkynna slíkt með eins góðum fyrirvara og kostur er.

Formlegt fundarboð er að jafnaði sent út á föstudögum í vikunni á undan, en eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund, í samræmi við Samþykkt 238 um stjórn Mosfellsbæjar,

<http://www.mosfellsbaer.is/stjornkerfi/stjornkerfi/reglur-og-samthykktir/nanar/2014/02/21/stjornmosfellsbaejarogfundarskopbaejarstjornar/> .

LOKAORÐ

Gildi Mosfellsbæjar; **virðing - jákvæðni - framsækni - umhyggja**; eru höfð að leiðarljósi í starfsemi umhverfisnefndar.